

## SAMÞYKKT

53

23. marz

### um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupstúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Eskifjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirgreindum eignum í hreppnum:

Bjarki með útihúsum, Bryggjuhús, Bræðsluhús, Dalshús, Fiskiskúr, Framkaupstaður með gripahúsum, Framkaupstaðartún, Framkaupstaður, 3 sjóhús og bryggja, Framnes með lóð, Friðþjófshús, Hliðarendi II. með 3 sjóhúsum, Mjóeyri með útihúsum, Randólfshús með bryggju, Sjóhús (Svanshús) með bryggju, Timburgeymsla S. J., Útkaupstaður, íbúðarhús, bryggja, verzlunarhús, gamla búð, bryggjuhús, þvottahús, fjós og tún, Vélaverkstæði og bátaslippur, Sjóhús og bryggja Arnþórs Jensen.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. marz 1946.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Jarðræktarsjóð Dalasýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1946.

54

25. marz

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Jarðræktarsjóð Dalasýslu.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Jarðræktarsjóður Dalasýslu.

#### 2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 23. des. 1944, með gjöf að upphæð kr. 30000.00, sem þau hjónin Þorsteinn sýslumaður Þorsteinsson og Áslaug Lárusdóttir, Búðardal, gáfu á sextugsafmæli Þorsteins sýslumanns.

#### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipar sýslunefnd (héraðsstjórn) Dalasýslu og skal sýslumaðurinn í Dalasýslu vera féhirðir sjóðsins. Sýslunefndin úrskurðar þau mál, er sjóðinn varða, veitir styrki úr honum og ákveður upphæð þeirra. Þó áskilja gefendur sér rétt til, meðan þau lifa, bæði eða annað hvort, að veita alla styrki úr sjóðnum, en leita þó áður umsagnar sýslunefndar um styrkveitingu hverja.